

6.bekkur

Nemendur kynnast mannkynssögunni sem ástundun háleitra hugsjóna og öðlast þekkingu á því hvernig þær hafa stuðlað að umfangsmiklum þjóðfélagsbreytingum og mótað samfélög fólks.

Gríska orðatiltækið "Maður, þekki sjálfan þig!" verður leiðarstjarna þessa námsárs: Við finnum ferla og fyrirbæri í hinum ytri heimi og uppgötutum að þau eru auðþekkjanleg í okkar eigin lífi og reynslu. Gleðin við að þekkja sjálfan sig í öðrum skapar ró; hin almennu gildi veita öryggi.

Ítarefni og þema námsársins, sótt í mannkynssögu Indlands til forna, hinar fornu menningar Mesópótamíu og Egyptalands og allt til grískrar hámenningar, sýnir hvernig blómaskeið hinna ólíku menningarheima myndast á samskonar grunni í leit að hugsjónum. Með því að skoða þessa menningarheima getum við skynjað reynslu og þróun mannsins sem frelsandi ferli, þar sem hver menning leiðir til þroska á grundvelli þeirrar sem á undan kom. Jafnframt er lögð áhersla á siðfræði. Það voru hinar sameiginlegu hugsjónir sem gerðu umfangsmiklar þjóðfélagsbreytingar mögulegar og hafa mótað samfélög allt fram á okkar tíma. Á þessu ári stíga nemendur inn í skráða sögu mannkyns og fylgja eftir það sögunni og tímabilum allt til nútímans, í gegnum hin fjögur ár sem eftir eru af grunnskólanum. Efnið er áfram nýtt í listgreinar t.d. framsögn og leiklist, og verkleg viðfangsefni í textíl, mótun og smíði. Hinar upprunalegu ólympísku greinar eru kynntar og æfðar í íþróttum.

Í samfélagsgreinum í landafræði eru Norðurlönd tekin sérstaklega fyrir. Kennslan tengist þema fyrra skólaársins, víkingar og landnámsmenn kveikja áhuga nemenda og síðan hefst ferðalagið um lönd nágrannapjóða okkar.

Grasafræði er meginþema náttúrugreina í ár. Með því að rannsaka plönturnar getum við öðlast betri innsýn í samsvörun og tengsl lífsforma og umhverfis. Fullunnin hugmynd um plöntuna, frá minnstu jurt til hæsta trés, liggur tilbúin í fræinu. Plönturíkið myndar heild með hinum ýmsu tegundum og lífsformum og skapar einingu þar sem allt á sinn náttúrulega stað í samhljómi. Vor og haust eru nýtt í tengslum við efnið og unnið í útinámi.

Í stærðfræðinni koma ný hugtök inn, flatarmál, rúmfræði og geómetrísk teikning. Klassísk form eru skoðuð í arkitektúr Forn-Egypta og Grikkja. Unnið er með stærðfræði á skapandi hátt þar sem leystar eru stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.

Samsöngur, röddun og tónfræði eru tengd við námsefni og unnið með tónbilin í gerð hljóðfæris með einn streng í smíði. Í textíl er saumað mjúkt dýr eftir sniði. Formteikningin nær nú yfir í fríhendis rúmfræði sem er kynnt í fyrsta sinn.

